

BLÁHVER

Blað Sjálfstæðisfélags Hveragerðis • 1. tbl. • 18. árg. • Desember 2018



Gledileg jól

Pétur Reynis

Leiðari

Eitt mikilvægasta verkefni þeirrar kynslóðar sem nú er í forystu á stjórnmalasviðinu í heiminum er að vinna að því að dregið sé eins mikið og verða má úr neikvæðum áhrifum mannkynsins á viðkvæmt vistkerfi jarðarinnar. Stundum er sagt að enginn maður sé eyland og það á svo sannarlega við um umhverfismálin.

Mengun er ekki einkamál neins eins manns eða þjóðar. Svo virðist sem ákveðnum mörkum sé náð þannig að áhrif mannsins verði mögulega svo mikil að ekki verði úr bætt. Kannski er hluti af því sem sagt er og skrifað um þessi mál mögulega orðum aukið og jafnvel að hluta til hræðsluáróður. Hvað sem því líður er borðleggjandi að áhrif mannkyns á vistkerfið eru mikil og ekki alltaf til bóta.

Að þessu sögðu er ljóst að við getum öll haft jákvæð áhrif á umhverfi okkar. Það er í raun val hvers og eins og það að ganga vel um umhverfið byrjar alltaf hjá okkur sjálfum. Hvergerðingar hafa náð afar góðum árangri í flokkun og endurvinnslu á sorpi á

undanförnum árum og það svo að eftir því er tekið. Þannig er urðunarhlutfall sorps í bænum með því minnsta sem gerist í öðrum sveitarfélögum á Íslandi. Þar með er hlutfall flokkaðs sorps af því sem við látum frá okkur með því sem allra besta sem gerist á landinu. En betur má ef duga skal og það er í raun ekkert svo erfitt að gera miklu betur.

Til að draga úr sorpmyndun þarf að byrja strax í versluninni þar sem við kaupum inn. Við getum bæði valið að kaupa minna og við getum valið þær vörur sem við þufum á að halda með umhverfisáhrif þeirra í huga. Með því að hugsa sig alltaf tvisvar um áður en vara er sett í körfuna eða áður en hún er keypt og pöntuð með öðrum hætti. Þá er gott að hugsa með sjálfum sér: „**Þarf ég virkilega á þessu að halda?**“ Þessi hugsun er bæði holl og góð fyrir budduna og umhverfið.

Oft erum við nánast eins og á sjálfstýringu þegar við erum að kaupa inn og kaupum allskyns óþarfa dót. Kannski má líta á þetta svipað og maðurinn sem kom til andlegs leiðtoga og sagði við hann: „Ég skal gera

nánast allt til að ná árangri í andlegum eignum, bara ekki segja mér að hætta að reykja.“ Andlegi leiðtoginn sagði þá við hann: „Það skal ég ekki gera, haltu bara áfram að reykja en gerðu samt eitt fyrir mig. Þegar þú kveikir í sígarettunni, njóttu þá hvers andartaks, dragðu að þér reykinn og finndu hvernig hann hríslast niður í lungun og um líkamann. Gættu þess þannig að njóta hvernar einustu sígarettu alveg í botn.“ Maðurinn gerði þetta og nokkrum mánuðum síðar var hann steinhættur að reykja.

Boðskapurinn er sá að við eigum að njóta hvernar stundar og allra hluta sem við kaupum og fáum alveg í botn og þá mun þörfin “fyrir meira” kannski minnka með tímanum.

Gleðileg jól og áramót og njótið þeirra alveg í botn.

*Eyþór H. Ólafsson,
forseti bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar*



Jólahugvekja

Aðventan er gengin í garð, undirbúningstími jólaanna. Aðventan þýðir koma. Við biðum komu frelsarans sem fæddist í Betlehem. Sjálfum Guði, skapara alls, uppsprettu lífsins og ljóssins.

Á síðari árum er aðventan orðin besti hluti jólahaldsins finnst mér og sá sem gefur mér mest. Biðin eftir jóluum, undirbúningstíminn, eftirvæntingin og allt sem henni fylgir.

Þegar ég var barn var tími adventunnar eiginlega fyrir mér, enda gat ég ekki beðið eftir að jólin kæmu. Eins og flest börn sem biða eftir jóluum hafði ég litla þolinmæði og eirð í mér og ennþá minni tíma til að biða. Svo komu jólin og liðu nánast hjá á augabragði. Það voru allt að því vonbrigði.

Tíminn í mínu lífi liður ekki hægar í dag. Hann hraðar sér stöðugt eftir því sem árunum fjölgar. Maður er minntur á að tíminn er ekki óþrjótandi gæði. Hann æðir áfram og tekur dagana og mig með sér. Öllu er afmörkuð stund. Jóladaðarnir koma og standa býsna stutt yfir þegar allt kemur til alls og þeim mun meiri ástæða er til að nýta og njóta dagana og viknanna fyrir jólin. Að hlusta á jólalögin í rólegheitum heima í faðmi fjölskyldunnar, baka saman piparkökur og fönndra með börnunum, grípa í spil, fara út fyrir og gera eitthvað skemmtilegt saman. Búa til innihaldsríkar og gefandi stundir sem sitja eftir í minningunni!

Það er nefnilega hægt að týna sér í stressi og streitu á hlaupum út og suður. Við þekkjum það öll. Fyrir nokkrum árum var ég með adventuskemmtun í kirkjunni.

Ég spurði börnin: „Hvar eru jólin?“

Lítill stúlka, um það bil 5 ára, rétti upp höndina og það stóð ekki á svari: „Nú í IKEA auðvitað“, sagði stúlkan skælbrosandi.

Já, að sjálfsögðu. Var það ekki gott svar og rökrétt?

Auglýsingarnar minna okkar á það strax í lok september hvar við

eigum að versla til að tryggja okkur góð jól. Ég sagði stúlkunni að við gætum keypt margt fallett í IKEA fyrir jólin, en benti á hjartað á henni og mér til að útskýra og sagði henni hvar jólin raunverulega væru. „Nú“, sagði hún hissa. „Ég verð að segja mömmu það.“

Þótt það sé klisja að segja það þá þarf ekki að kaupa jólin. Það þarf ekki að hlaupa út og suður. Við höfum ólíkar væntingar og þarfir þegar kemur að jóluum. Aðkoma okkar er líka breytileg. En erum við ekki öll að leita að kyrrð og innri friði þegar allt kemur til alls. Slíkt er munaðarvara í nútímasamfélagi. En aðventan er, eða getur verið, kærkomin biðstofa mitt í krefjandi og hávaðasömum hversdagsleikanum. Ef við leyfum henni að vera það. Hún er einnig, eða getur verið, uppspretta hvíldar og tækifæri til að róa hug okkar og hjarta. Ef við leyfum henni að vera það. Það er þó alls ekki sjálfgefið að það takist. Það þekki ég af eigin raun. Aðventan felur alltaf í sér tækifæri fyrir heimboð.

Kannski tekst okkur þessa adventu að búa til andleg gæði á kostnað veraldlegra. Kannski leyfum við okkur líka að hleypa Guði aðeins nær en áður og taka á móti friðnum og kyrrðinni sem hann býður. Hann verður ekki keyptur í IKEA.

Munum í öllu falli þetta: Jólin krefja okkur ekki um mikið, bara mótækilegt hjarta og opinn hug. Guð forði mér frá því að gera of miklar kröfur til jólaanna að ég missi af þeim og því sem þau raunverulega færa.

Guð gefi þér og þínum góða og gefandi adventu og friðsæl og gleðileg jól.



Gunnar Jóhannesson.

Formannspistill

Með jólalögina í gangi hugsa ég til baka yfir árið sem er að líða. Það fyrsta sem kemur upp í huga minn er þakklæti. Ég vil þakka öllum þeim sem lögðu okkur lið í kosningabaráttunni síðastliðið vor þegar kosið var í sveitarstjórnarkosningunum. D-listinn sigraði enn og aftur hér í Hveragerði og náði hreinum meirihluta í bæjarstjórn. Þessi árangur kemur vegna þeirra góðra verka sem bæjarfulltrúar og aðrir nefndarmenn hafa unnið að síðustu ár. Einnig næst svona árangur með breiðum stuðningi og allri hjálpseminni sem aldrei er þakkað nægilega vel fyrir í kringum kosningar. Það er svo magnað að fá til sín fólk sem er til í að baka, eyða tíma í uppvask, til í að hringja í vini og ættingja til að minna á kosningarnar. Allir sem eru til í að bera út blöð, taka upp myndbönd, klippa, líma, þrifa, skutlast og allt annað sem fylgir því

að vera í kosningabaráttu. Þetta er álagstími fyrir bæði frambjóðendur, fjölskyldur þeirra og áhugafólk um pólitík - og við erum svo heppin að hjá okkur þá er þetta líka ótrúlega gaman. Ég er viss um að gleðin sem ríkti í frambjóðendahópnum í þessum kosningum skilaði okkur þessum allra síðustu atkvæðum sem færði okkur hreinan meirihluta.

Aftur - takk allir sem lögðu okkur lið.

Starfið hjá okkur í Sjálfstæðisfélaginu í Hveragerði hefur verið með venjubundnu sniði síðastliðið ár. Við erum með morgunkaffi á laugardögum milli 10:30-12:00 yfir veturinn. Allir bæjarbúar eru alltaf velkomnir og ég hvet þig til að kíkja við hjá okkur. Við bæjarbúar eigum að halda umræðunni gangandi yfir allt kjörtímabilið en ekki einungis rétt fyrir kosningar á fjögurra ára fresti. Þess vegna hvet ég þig til að koma við hjá okkur í kaffi og

köku. Bæjarfulltrúi er alltaf á staðnum og við hann er hægt að taka hversdagslegt spjall um málefni sveitarfélagsins. Það eru forréttindi að vera í sveitarfélagi með slíkt aðgengi að kjörnum fulltrúum.

Að lokum vil ég minna félagsmenn á Aðalfund Sjálfstæðisfélagsins sem verður haldin þriðjudaginn 12. febrúar 2019 kl.20:00. Á aðalfundi verður meðal annars kosin formaður og stjórn félagsins. Öllum er velkomið að skrá sig í félagið, bjóða sig fram og taka þátt í félagsstarfinu.

*Jólaeveðja,
Elín Káradóttir, formaður
Sjálfstæðisfélagsins í Hveragerði.*



Áfram Hvergerðingar

Það er óhætt að segja að árið 2018 hafi verið óvenju annasamt hjá öllum landsmönnum og að saman hafi þjóðin með þrýði tekist á við hinu ýmsu verkefni ársins og eru Hvergerðingar þar alls ekki undanskyldir. Stuttu eftir óvæntar alþingiskosningar settu öll sveitarfélög og landsmenn sig í stellingar og hófu skemmtilega og drengilega kosningabaráttu fyrir sveitarstjórnarkosningar sem fram fóru í maí síðastliðnum.

Hér í Hveragerði hlaut D-listinn góða kosningu og fyrir þau skýru skilaboð frá kjósendum erum við þakklát. Það er greinilegt að hér liður íbúum vel og því er það ánægjulegt verkefni að takast í sameiningu á við áskoranir næstu ára og fá tækifæri til þess að gera góðan bæ ennþá betri.

Hvað er það sem gerir bæjarfélag að góðum bæ? Það er mín skoðun að það sem skipti mestu máli eru íbúarnir. Að í bæjarfélaginu búi allir í sátt og samlyndi og myndi saman sterkt rúmlega 2600 manna lið sem tekið er eftir. Lið segi ég, já það ættu nefnilega allir íbúar Hveragerðis að tileinka sér þann hugsunarhátt að í Hveragerði séu allir hluti af einni sterri liðsheid og hver einasti íbúi sé samherji í liðinu þínu. Saman erum við nefnilega sterkust og saman ættum við að setja okkur markmið til framtíðar og saman ætlum við að ná þeim.

Hér í Hveragerði skulum við koma fram

af virðingu hvert við annað; burtséð frá kyni, aldri eða stöðu. Ég er viss um að við viljum að hér í Hveragerði geti öllum liðið vel og fundist gott að búa. Að hér í Hveragerði sé pláss fyrir alla þá sem vilja vera hluti af sterku liði. Það að geta titlað sig sem Hvergerðingar eru svo sannarlega forréttindi. Búandi í þetta fámennu sveitarfélagi er svo auðvelt og skemmtilegt að hafa áhrif, gera eitthvað gott fyrir samfélagið og komandi kynslóðir.

Hin blómlega flóra ýmissa viðburða og þátttaka í þeim hér í bænum segir mér að hér býr drífandi fólk sem er annað um hvort annað og um allt það sem hér fer fram og það er gott finna fyrir slíku. Við skulum halda áfram á þeirri braut og reyna hvern einasta dag að gera betur en í gær sama hvar við erum og hvað við höfum fyrir stafni.

Þakkar Askur, Félag ungra sjálfstæðismanna, öllum fyrir góðar undirtektir og mætingu á viðburði á árinu sem er að líða og um leið minnum við á að Jólaleði Asks mun fara fram í Blómasalnum (beint á móti Hótel Örk) hérna í Hveragerði fimmtudaginn 20. desember kl 21:00 og eru allir velkomnir.

Með hátíðar kveðju og óskum um gleðilega hátíð.

*Laufey Sif Lárusdóttir
Formaður Asks - félags ungra
sjálfstæðismanna í Hveragerði*



Tökum þátt í öflugu félagsstarfi

Þegar ég hugsa um það þá er ótrúlegt hvað við Hvergerðingar, í rétt rúmlega 2.600 manna samfélagi, búum vel þegar kemur að menningar-, íþrótt og frístundastarfi. Í hverjum mánuði er eitthvað um að vera í Hveragerði hvort sem það eru listsýningar á söfnum bæjarins, tónleikar á hinum ýmsu stöðum, íþróttamót eða íþróttaleikir nánast í hverri viku, fundir hjá ýmsum félögum og svo margt fleira í boði.

Það eru ekki mörg sveitarfélög á landinu, hvað þá af sömu stærðargráðu og Hveragerði, sem bjóða upp á jafn öflugt íþróttafélag þar sem boðið er uppá æfingar í sjö mismunandi íþróttgreinum, golfklúbb, lyftingafélag og hestamannafélag. Sveitarfélag sem hefur myndlistafélag og listvinafélag, leikfélag, hljómlistarfélag, kirkjukór, söngsveit, karlakór og kór eldri borgara. Sveitarfélag sem hefur öfluga hjálparveit og skátafélag, kvenfélag, félag eldri borgara, skógræktarfélag, Lionsklúbba og Rauða Kross deild ásamt ótal fleiri félögum og vil ég strax hér biðjast velvirðingar hafi ég ekki talið þau öll upp.

Hafið þið velt því fyrir ykkur hversu mörg félög eru starfandi í Hveragerði? Og hversu margir sjálfbóðaliðar starfa fyrir öll þess félög sem gera það að verkum að þau eru jafn öflug og raun ber vitni? Það er ekki sjálfgefið að fá fólk til að starfa í frjálsum félagasamtökum, oftast launa og fríðindalaust. Starfsemi þessara félaga er gífurlega mikilvæg fyrir okkar samfélag og vil ég hvetja sem flesta til að prófa að starfa fyrir eitthvað af þessum félögum eða taka

þátt og mæta á þá viðburði sem félögin hafa uppá að bjóða.

Á síðustu árum hefur Hveragerðisbær gert þjónustusamninga við mörg þessara félaga eða aðstoðað þau með einum eða öðrum hætti. Þessir þjónustusamningar og sú aðstoð sem bærinn hefur veitt hefur létt undir með starfsemi félaganna og gert mörgum þeirra kleift að halda úti starfsemi. Nú er verið að endurnýja marga þá þjónustusamninga sem renna út um áramótin og gilda þeir yfirleitt til næstu þriggja ára. Ég hef fylgst með starfsemi flestra þessara félaga síðustu ár og það er ánægjulegt að bæjarfélagið skuli ákveða að styðja áfram við þau.

Spennandi verkefni framundan

Framundan eru svo mörg skemmtileg verkefni sem biða Menningar-, íþrótt- og frístundanevndar og má þar nefna að eftir áramót er stefnt að því að hefja starfsemi íþróttaskóla fyrir þau börn sem eru í skólaseili í Bungubrekku. Þar mun yngstu börnunum gefast kostur á að æfa hinar ýmsu íþróttir sem eru í boði á vegum Íþróttafélagsins Hamars og er þetta samstarfsverkefni bæjarins, Hamars og grunnskólans. Þá er einnig vinna í gangi við að endurvekja ungmennaráðið í Hveragerði, eitthvað hefur þó reynst erfitt að fá ungt fólk til að taka þátt í því skemmtilega og flotta starfi sem fer fram innan ungmennaráða. Foreldrar! Þið megið því endilega hvetja unglíngana á heimilinu til að hafa samband vilji þau taka þátt!



Úthlutun fyrir Varmahlíðarhúsið fer fram nú í desember, en fjölmargir listamenn sækja um dvöl í húsinu og kynna þeir svo það sem þeir hafa afkastað meðan á dvöl þeirra stóð eða önnur verk sín með ýmsum hætti innan Hveragerðis. Menningarverðlaunin verða svo veitt einhverju félagi eftir áramót, en í ár (2018) var það Hljómlistarfélag Hveragerðis sem hlaut þau verðlaun fyrir sitt framlag til tónlistar í Hveragerði.

Líkt og síðustu ár þá enda ég grein mína á að minna alla á kjör íþróttamanns Hveragerðis, en íþróttamenn ársins í Hveragerði verða heiðraðir föstudaginn 28. desember klukkan 17:00 í Listasafninu. Allir eru velkomnir á samkomuna og gaman væri að sjá sem flesta samgleðjast með íþróttafólkinu okkar. Að lokum vil ég óska lesendum Bláhvers og Hvergerðingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Friðrik Sigurbjörnsson,
bæjarfulltrúi og formaður menningar-,
íþrótt- og frístundanevndar*

Jólagetraun Bláhvers **Pekkir þú bæinn þinn?**

1. Hver var kjörinn íþróttamaður Hveragerðis 2017?
2. Hvenær var Golfklúbbur Hveragerðis stofnaður?
3. Endurbætur eru hafnar á sögufrægu húsi hér í bæ, Mjólkurbúinu. Hvaða ár var það byggt og hver teiknaði það?
4. Hver er formaður bæjarráðs?
5. Hvaða mánaðardag í desember er Jólástund í sundlauginni Laugarskarði?
6. Hver tók við starfi sóknarprests í Hveragerðiskirkju fyrr á árinu?
7. Hvað heita leikskólarnir tveir hér í Hveragerði?
8. Fyrr á árinu var haldið upp á afmæli sundlaugarinnar í Laugarskarði, hversu gömul er hún?
9. Fyrsta hraðhleðslustöðin í Hveragerði var opnuð í janúar, hvar eru hún staðsett?
10. Hverjir hlutu umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar árið 2018?

(Öll svör er að finna inni á heimasíðu Hveragerðisbæjar, hveragerdi.is.)

Almar bakari

Viðtal við Almar bakara

„Við byrjum oftast um miðjan nóvember að baka fyrir jólin þó að tíminn sé alltaf að færast fram og fram. Jólin hjá okkur bökurum hafa róast mikið frá því þegar ég byrjaði að vinna sem bakari því þá var unnið alveg 16 tíma á dag“ sagði Almar Þór Þorgeirsson bakari og eigandi Almars bakarí. Hlutirnir hafa breyst mikið og þar sem innflutningur hefur aukist umtalsvert, þá hefur álagið minnkað. “Það sem við höfum einbeitt okkur meira að er að hafa gæðin í lagi og fyrir það erum við vinsæl” segir Almar.

Mikið jólabarn í sér

“Ég er smá jólabarn í mér. Ég var það mikið sem barn og svo kviknaði það aftur þegar ég varð pabbi” segir Almar brosandi af tilhlökkun. Almar og fjölskylda eru dugleg að skreyta vel og mikið fyrir jólin og þau reyna að byrja snemma til þess að lengja jólin hjá sér.

“Þegar ég var yngri voru hefðirnar miklu strangari en þær eru í dag. Sem dæmi má nefna að á Þorláksmessu var eiginlega alltaf eins. Skatan elduð klukkan 18, eftir að hún var elduð sauð mamma hangikjöt til að losna við lyktina úr húsinu. Strax eftir skötuátið var farið í jólabaðið og svo skreyttum við jólatréð og fengum jólasmákökur og súkkulaði” rifjaði Almar upp.

Almar segist vera miklu opnari með hefðirnar í dag. Jólin snúast meira um að vera heima og slaka á og njóta þannig jólanna. Eina hefðin sem Almar hefur haldið í og má ekki breyta út frá, er að þau

fjölskyldan er alltaf með Beef Wellington á aðfangadag. Önnur hefð hefur myndast hjá þeim hjónum og það er að þau hafa litla jólaopnun á jóladag. Ólöf konan hans Almars, eða Lóa eins og hún er iðulegakölluð og Almar standa vaktina á jóladag í bakariinu við góðar undirtektir hjá þeim sem eiga leið um í Hveragerði. “Allir eru svo jákvæðir og þakklátir fyrir að það sé opið og þetta eru einir skemmtilegustu dagarnir hjá okkur” sagði Almar og bætti við að hann hafi afgreitt ferðamenn frá um 20 þjóðernum.

Jóladagur í vinnunni endar iðulega á því að börnin koma til þeirra í vinnuna rétt áður en það lokar. Þá myndast fjölskyldu stemning með kakói og kökum.

“Fyrir mér þá er þetta eiginlega orðinn jólahéfið að vinna um jólin, ég hef gert það síðan ég var 16 ára gamall eða frá því að ég byrjaði að baka. Ég væri örugglega frekar órólegur heima fyrir ef ég fengi ekki aðeins að komast í baksturinn” segir Almar og glottir út í annað. “Það er eitthvað við það að vakna jóladagsmorgun og fara niðri bakarí og finna ilminn af nýbökðuðum brauðum” bætir Almar við í lokin.

Nýtt ár framundan


Almar er nokkuð bjartsýnn á árið 2019 og heldur að það verði bara mjög gott hann hlakkar mikið til að takast á við það. “Okkur gengur mjög vel og við viljum samt reyna að bæta okkur enn frekar á nýju ári” segir Almar og fer yfir að það séu miklar breytingar og nýjungar framundan. Þar á meðal verður hin árlegi rúnstykkiadagur.



Almar

Svo verður stórafmæli hjá Almar bakara, þar sem bakarið er 10 ára þann 8. apríl næstkomandi. Þá verður mikil veisla alla vikuna.

“Ég hef svo sem aldrei sett mér ákveðin áramótaheit enn það væri kannski gaman að setja sér þau í ár. Ég hugsa að ég haldi þeim fyrir sjálfan mig til að byrja með” segir Almar og hlær. Að lokum vill Almar þakka öllum Hvergerðingum og sunnlendingum fyrir frábært ár og óskar öllum gleðilegra jóla




Íþróttamaður ársins. Þann 28. des. kl. 17:00 verður athöfn á vegum menningar-, íþrótt- og frístundanevndar í Listasafni Árnesinga. Lýst verður kjöri íþróttamanns ársins árið 2017. Allir velkomnir.

Áramótabrenna. Kveikt verður í áramótabrennu á gamlárskvöld kl. 20:30 við Þverbrekkur. Starfsmenn bæjarins munu sjá um alla framkvæmd við brennuna. Að gefnu tilefni er tekið fram að ekki er leyfilegt að vera með flugelda við brennu vegna þeirrar hættu sem það getur skapað. Flugeldasýning sem enginn vill missa af verður í umsjón Hjálparsveitar Skáta.

Prettándagleði og fjölskylduskemmtun. Við kveðjum jólin með prettándagleði og fjölskylduskemmtun í Skyrgerðinni þann 6. janúar kl. 17:00. Söngur og gleði. Jólasveinar, Grýla og Leppalúði kveðja jólin og halda til fjalla. Söngsveitin, Leikfélagið og Söngfuglarnir hennar Möggu koma fram. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Bæjarstjórn Hveragerðis og bæjarstarfsmenn þakka Hvergerðingum gott samstarf á liðnum árum og óska þeim heilla og velfarnaðar á komandi ári.



Nýbúi í Hveragerði: Svava Bjarnadóttir

„Bærinn verður vinsælli“

Hvenær fluttir þú í Hveragerði?

Ég flutti í febrúar 2017.

Hefur þú atvinnu í Hveragerði?

Ég vinn í Reykjavík en get hugsað mér að vinna í Hveragerði ef breytingar verða á vinnunni minni í höfuðstaðnum.

Hver eru áhugamálin þín?

Áhugamál mín eru söngur, ferðalög bæði innan og utanlands og ég elska að vera með börnum og barnabörnum en sá hópur fer stækandi.

Hvað heillaði þig við bæinn, sem gerði það að verkum að þú fluttir hingað?

Hveragerði er svipaður bær og Höfn en þaðan er ég og bjó þar í um 30 ár. Við vorum samt ekki alveg til í að flytja svo langt frá borginni og Hveragerði hentar

okkur mjög vel. Við vorum líka svo heppin að finna húsnæði sem við erum mjög ánægð með. Höfum eignast yndislega nágretta sem hafa tekið okkur vel og hjálpað með ýmislegt sem maður hefði annars þurft að leita uppi sjálfur eins og ýmiskonar þjónustur.

Hvernig sérðu fyrir þér að bærinn blómstri á næstu árum?

Ég sé fyrir mér að bærinn eigi eftir að stækka og verða meira vinsæll hvað búsetu varðar fyrir unga fólkið okkar. Útivistarsvæðin heilla líka fyrir þá sem eldri eru og hér er alltaf hægt að finna nýjar og spennandi gönguleiðir. Það munar líka að hafa þjónustu eins og heilsugæslu, banka, pósthús og verslanir. Ég er sérstaklega ánægð með Fiskbúðina á staðnum það eru forréttindi að hafa slíka þjónustu í svona litlum bæ.

Ertu í Sjálfstæðisfélaginu í Hveragerði?

Já ég er í sjálfstæðisfélaginu og er stolt af því að kjósa D-listann í bæjarstjórnarkosningum. Maður veit að bærinn hefur blómstrað á síðustu árum á meðan sjálfstæðismenn hafa verið við stjórn í brúnni. Ég er sérstaklega ánægð með bæjarstjórn okkar hana Aldísi og hennar störf.



Félagsfundur Sjálfstæðisfélagsins í Hveragerði. Þriðjudaginn 12. febrúar 2019 kl. 20:00 í Austurmörk 2, 2. hæð.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningskil.
3. Kjör stjórnar, varastjórnar og skoðunarm. reikn.
4. Kjör fulltrúa í fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna.
5. Kjör fulltrúa í kjördæmisráð.
6. Kjör fulltrúa í hússtjórn félagsins
7. Ákvörðun um félagsgjald.
8. Tillögur um lagabreytingar.
9. Önnur mál.

Kveðja, stjórn félagsins

Svör við Jólagertraun Bláhvers

1. Anita Líf Aradóttir, lýftingakona.
2. Hann var stofnaður árið 1993.
3. Árli 1929, Guðjón Samuélsson.
4. Friðrik Sigurðsson.
5. Hún verður 10. desember.
6. Sr. Gunnar Jóhannesson.
7. Óskaland og Undraland.
8. 80 ára.
9. Fyrir aftan Skeljung.
10. Nem. í 7. bekk grunnskólans.

Sendum Hvergerðingum og nærsveitungum bestu óskir um gleðilega jólahátíð, frið og farsæld á komandi ári. Þökkum samverustundir liðinna ára.

AS



DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI



ÞVOTTAHÚS

GRUNÐAR OG ÁSS

ÖLVERK
PIZZA & BRUGGHÚS

s: 483 3030 / Breiðmörk 2 / Hveragerði

Jólaþakveðjur

Sigurjón

S.H. LEIÐARINN ehf

Gleðileg jól



Gleðileg jól!

Jólaísinn frá Kjörís er hreint út sagt ómótstæðilegur. Í ár hringjum við inn hátíð ljóss og friðar með hátíðarís með karamellusnúningi. Það er góður siður að gera sér dagamun yfir jólin með ábætisrétti að lokinni máltíð – eða með örlytlu góðgæti eftir annasaman dag. Hvort sem þú kýst heldur, þá er alltaf tími fyrir jólaís.

JÓLAÍS

med
karamellu



Alda

„Pabbi voru til bílar þegar þú varst lítill“? Sagði yngsti sonur okkar þegar hann var 7 ára. Þá vorum við búin að vera að ræða um hversu frjáls við hefðum verið sem börn og unglingar; litlar sem engar hættur, allir þekktu alla og áreitið ekki sambærilegt við það sem gengur og gerist í dag. Ekki sjónvarp á fimmtudögum, heldur safnaðist fjölskyldan saman og hlustaði á útvarpsleikritið sem var lesið í Ríkisútvarpinu, Rás 1. Og svo var heldur ekkert sjónvarp í júlí því þá voru útilegur og garðvinna. Við lásum bækur og sáum fyrir okkur atburðarásina eins og við værum að horfa á bíómynd. Er furða að barnið hefði spurt?

Síðasta vor vorum við Hvergerðingar svo heppnir að fór rafmagnið af bænum í nokkrar klukkustundir. Dásamlegur tími og alveg eins og í gamla daga. Kertaljós, spjall og spil án truflana frá umheiminum. Það er á svona stundum sem börnin skilja frelsið

sem við ólumst upp við. Um leið njóta þau eflaust þess að fá dálítið frí.

Í dag er fleiri stöðvar og rásir í sjónvarpinu heldur en ég get talið upp fyrir utan internetið sem ég veit að inniheldur alls kyns upplýsingar bæði jákvæðar og uppbyggilegar og neikvæðar sem eru oft á tíðum ógeðfelldar. Fyrir utan það er áreitið stanslaust á börnin, það heyrast “bling” úr símtækjum eða spjaldtölvum allan sólarhringinn og tækin eru nánast aldrei úr hendi.

Ég hef oft rætt þessi mál við foreldra, nemendur, kennara og stjórnendur. Það eru misjafnar skoðanir sem þessir aðilar hafa á notkun og nauðsyn þessara tækja. Við foreldrar viljum jú öll geta náð í börnin okkar á öllum tímum og þess vegna finnst okkur gott að þau hafi þessi tæki nálægt, á meðan börnunum finnst tækin algjörlega nauðsynleg til að vera með í samfélaginu. “Það er bara svoleiðis” eins og þau segja

gjarnan.

Já tímarnir breytast og við þurfum að aðlaga okkur að breyttum tímum með tilkomu nýrrar tækni.

Þess vegna er svo nauðsynlegt að við höldum áfram að læra svo lengi sem við lifum. Hverju æviskeiði fylgir lærdómur. Mestu máli skiptir að við stöðnum ekki og veljum það sem veitir okkur gleði, ánægju og áhuga svo við viljum læra meira á hverjum degi. Menntun er máttur og eitt af grundvallarmannréttindum nútíma samfélags.

Ég óska lesendum Bláhvers gleðilegra jólahátíðar og njótið samverunnar

Alda Pálsdóttir, varabæjarfulltrúi og form. Fræðslunefndar Hveragerðisbæjar



Ánægjulegt að taka þátt og gera góðan bæ betri

Það eru spennandi tímar framundan í Hveragerði. Mikil uppbygging er framundan, byggðin er að stækka og á eftir að stækka mikið á næstu árum. Fólk meðal annars af höfuðborgarsvæðinu er farið að horfa til bæjarfélaga eins og okkar þar sem smæðin er kostur, fólk heilsast, þekktist og spjallar. Öflug grunnþjónusta er á svæðinu og fasteignaverðið er töluvert lægra en á höfuðborgarsvæðinu.

Ég tel það vera forréttindi að fá tækifæri til að taka þátt í þessu góða samfélagi og leggja þannig mitt af mörkum til að gera gott bæjarfélag betra. Þegar ég var spurð að því í vor hvort ég væri til í að taka þátt í uppbyggingunni og fara í bæjarpólitíkina þá hugsaði ég málið gaumgæfilega. Þegar ég hugsaði málið fannst mér að þarna gæti ég lagt mitt af mörkum þar sem ég er á þeim aldri að ég er búin að koma mér upp fjölskyldu, framtíðarhúsnæði og búin að vera með börn í leikskóla og grunnskóla.

Einnig starfa ég hér í bæ og geri mér far um að nýta mér alla þá þjónustu sem hér er í boði.

Ég var svo heppin að vera falin formennska í umhverfisnefnd bæjarins. Umhverfisvitund og það að taka þátt í að hugsa um jörðina og bæta sjálfan sig í því á hug minn allan. Þessir litlu hlutir sem eru þó svo stórir eins og að flokka rusl og ganga vel um umhverfið okkar skiptir sköpum. Ég tel Hvergerðinga standa sig mjög vel í þessum málum. Hins vegar getum við líka gert betur og kennt næstu kynslóð sem á eflaust eftir að vanda sig miklu betur en við höfum hingað til gert, því þá verður umhverfisvitundin komin á hærra plan.

Verkefni nefndarinnar eru fjölmörg. Við erum með nokkra staði hér í Hvergerði sem við viljum leggja áherslu á að bæta eins og að setja nýtt svið í Lystigarðinn og bæta við grillaðstöðu þar. Það þarf að laga leikvelli bæjarins og bæta við nýjum leiktækjum.

Undir Hamrinum langar okkur að koma upp enn betri aðstöðu fyrir útivist og útiveru. Við

erum að byrja að skipuleggja blóma- og garðyrkjusýninguna Blóm í bæ og mögulega verða einhverjar skemmtilegar breytingar á þeim viðburði sem of snemmt er að tala um núna. Í bigerð er að malbika og fegra enn göngustígana víðsvegar um bæinn ásamt því að sinna vel almennu viðhaldi og gera fallegasta bæjarfélag landsins enn fallegra.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla um leið og ég óska þess að þið njótið adventunnar og að nýtt ár færi ykkur hamingju.

Bryndis Eir Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi D-listans.



Gleðileg
jól


**BYGG
BRÆÐUR**

Múrbjónusta Helga Þ. ehf.



**893 2429
896 4757**

Gleðileg jól



Hugleiðing á aðventu

Í sumar var haldið í fyrsta sinn í Hveragerði Landsmót Ungmennafélags Íslands 50+. Það er merkileg mótsögn að samfélag okkar þokast að flestu leyti í rétta átt eftir því sem ár og aldir líða, en vegna þess hve mannfólkið hefur sterka tilhneigingu til að beina athyglinni að því sem miður fer í samtímanum draga margir þá ályktun að við séum á rangri leið og fortíðin hafi verið betri. „Heimur versnandi fer“ hefur stundum átt við í skamman tíma en þegar við horfum á fimmtíu til hundrað ára tímabil sjáum við oftast framfarir. Samfélagssagan er saga framfara, þótt við höfum stundum hrakist af leið um stundarsakir.

Við skulum því ekki láta allt það vonða og óæskilega í samfélagi okkar draga úr okkur bjartsýni og þrótt. Reynsla fyrri kynslóða gefur okkur fullt tilefni til að trúá því að straumur tímans sé straumur framfara, ekki bara hvað varðar lífskjör heldur líka mannréttindi, umburðarlyndi, jafnrétti og virðingu fyrir náunganum.

Frá þeim sjónarhóli getum við horft á flest af því sem hryggir okkur í samfélagi okkar í dag og hugsað til þess, að það eru góðar líkur á að í framtíðinni verði það aðeins fjarlæg minning, sem fólk mun furða sig á að hafi einhvern tímann verið raunveruleiki.

Það þýðir ekki að við getum lagt árar í bát. Framfarir verða ekki af sjálfu sér. Við verðum öll að leggjast á áramnar og halda áfram að berjast fyrir betra samfélagi. Í því felst meðal annars að vera vakandi fyrir því sem miður fer og láta það ekki viðgangast.

Undirbúningur jólahátíðarinnar getur tekið á taugarnar. Tíminn sem á að einkennast af gleði og yndislegri samveru með okkar nánustu getur auðveldlega einkennst af stressi og þirringi. Eins mótsagnakennt og það hljómar held ég að eitt besta ráðið við því sé að hafa hugfast hve lífið er stutt. Stöldrúm við og nýtum það til að gleðjast og halda utan um þá sem þurfa stuðning.

Fyrir tveimur árum ætluðum við vísitölufjölskyldan að eyða jólnum á Flórída með fjölskyldu eiginmanns míns sem að stórum hluta býr í útlöndum. Við hlökkudum til að njóta tímans saman og sýna nýjasta fjölskyldumeðliminn sem fæddist í október það ár. Lífið gerðist – og jólnum eyddum við á Barnaspítalanum þar sem nýfædd dóttir okkar dvaldi í sex vikur með kighósta. Ég var suma daga svolítið reið, tengdi ekki við fólk sem var að undirbúa jólin og fannst þetta óréttlátt gagnvart þessum litla kroppi sem átti að vera í fanginu mínu, á brjósti og liggja á leikteppi. Í staðinn var hún með slöngur, sondu og stóri bróðir fékk varla að hitta hana. En á þessari sömu deild voru mjög veik börn, margir foreldrar í meiri óvissu og ég þakkaði fyrir það að okkar verkefni væri tímabundið og við færum á endanum heim öll saman. Og þannig urðu þessi skrítnu jól á spítalanum ljúfsár og jólaandinn sveif um þrátt fyrir allt. Starfsfólkið hugsaði svo vel um hana og allir í kringum okkur hjálpuðu til. Kunningjar sem við hittum sjaldan elduðu mat og komu með á spítalann. Þetta

var náungakærleikur og umhyggja, það sem jólahátíðin á að snúast um.

„Nóttin er löng þó að lífið sé stutt,“ sungu Stuðmenn. Látum þann gamla slagara verða okkur hvatningu til að staldra við í amstri dagsins og hugleiða hvernig við nýtum best þennan dimmasta tíma ársins. „Nóttin er löng“ þýðir að við höfum nægan tíma ef við bara gætum þess að nýta hann vel.

Ég vona að þú, lesandi góður, eigir ánægjulega hátíð fyrir höndum.

*Þórdís Kolbrún Reykfjörð
Gylfadóttir, ráðherra og varaformaður
Sjálfstæðisflokksins.*



Jólaopnun hjá Almari bakara

24. desember kl. 9-13
25. desember kl. 9-13
26. desember kl. 9-17
27. – 30. des. kl. 7-18
31. desember kl. 9-14
1. janúar klukkan 9-13

Óskum Hvergerðingum og öðrum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og við þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.



**ALMAR
BAKARI**



Sunnumörk 2 · Hveragerði · Sími 483 1919

Annáll ársins 2018



Undanfarnar vikur hefur ríkt hér í Hveragerði hið dásamlegasta haustveður. Langvarandi stillur og hlýindi eru óneitanlega tilbreyting frá vindasömum og hráslagalegum haustveðrum undanfarnandi ára. Þetta ljúfa haust er ekki síst vel þegið þar sem sumarið hefði getað verið betra. Sem betur fer erum við flest haldin mikilli gleymsku hvað veður varðar. Ef að sól skín í heiði í nokkra daga í ágúst er maður strax búinn að gleyma því að þessi gula lét kannski ekki sjá sig í tvo mánuði þar á undan. Þessi eiginleiki er reyndar að ég held lykillinn að því að búa á okkar vindasama og kalda landi.

Aldrei jafn mikið byggt og nú

Árið 2018 var okkur Hvergerðingum gjöfult á svo margan hátt. Hér er nú unnið að uppbyggingu íbúðabyggingar á fjölmörgum stöðum í bæjarfélaginu. Þegar þetta er skrifað eru ríflega 150 íbúðir á teikniborðinu eða komnar á framkvæmdastig. Ég get nánast fullyrt að aldrei áður hafi jafn mikið verið byggt á einum og sama tíma hér í bæjarfélaginu. Annað sem er væntanlega líka einstakt er hinn mikli fjöldi smærri íbúða sem er í byggingu. Fjöldi íbúða sem hentar fjölbreyttum hópi fólks. Þeim sem

eru að byrja, þeim sem eru að minnka við sig og ekki síður þeim sem vilja geta notið annarra hluta í lífinu og vilja því ekki festa peningana sína í of stórum húsum með of miklum afborgunum af fasteign. Þegar þetta er skrifað eru engar íbúðalóðir lausar til úthlutunar í Hveragerði. Á því mun þó verða breyting þegar úthlutun lóða hefst í Kambalandi sem væntanlega verður um mitt ár 2019. Þar er gert ráð fyrir fjölbreyttri byggð, fjölbýlishúsa, raðhúsa og einbýlishúsa, þannig að þar munu allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Það er afar ánægjulegt að Hveragerðisbær skuli laða til sín nýja íbúa sem vonandi munu verða ánægðir í bæjarfélaginu.

Nýtt iðnaðarhverfi rís í Vorsabæ

Á árinu hefur verið unnið að gatnagerð í nýju iðnaðarhverfi, Vorsabæ, fyrir neðan þjóðveg. Þar hefur flestum lóðum nú verið úthlutað og á næsta ári munu húsin fara að rísa eitt af öðru. Það er von bæjarstjórnar að með þessu hverfi myndist ný atvinnutækifæri.

Framkvæmdir við Suðurlandsveg að hefjast

Nú hefur Vegagerðin boðið út fyrsta

áfanga við úrbætur á Suðurlandsvegi milli Hveragerðis og Selfoss. Verktakafyrirtækið ÍAV átti lægst boð í það viðamikla verk. Munu framkvæmdir hefjast á allra næstu vikum. Vonir standa til að þar með verði Sunnumörkin tengd við hliðarveg sem í fyrsta áfanga mun fara á nýrri brú yfir að Hvammsvegi og á seinni stigum alla leið austur á Selfoss. Suðurlandsvegurinn verður jafnframt breikkaður þannig að þar verði gert ráð fyrir tveimur akreinum í hvora átt með víravegríði á milli akreina. Fyrst um sinn verður þó aðeins gengið frá veginum sem 2+1 vegi en möguleikinn á 2+2 er til staðar hvenær sem á því þarf að halda og vilji er til. Er þarna um gríðarlega mikla framkvæmd að ræða og þá stærstu í vegakerfinu á árinu.

Hvergerðingum fjölgaði á árinu

Íþróttahúsið við Skólamörk hefur fengið langþráða andlitslyftingu á árinu, unnið er að viðgerðum við Mjólkurbúíð, endurbætur hafa farið fram á efri hæð sundlaugarhússins í Laugaskarði og lagt var slitlag á götur innanbæjar. Gengið frá malbikun síðustu malargötu bæjarins, Heiðmörk. Settur var upp ærslabelgur og unnið að jarðvegsmótun og skipulagi undir Hamrinum svo fátt eitt sé talið af verkefnum ársins. Hvergerðingum hefur fjölgað á árinu og nú eru bæjarbúar 2.625. Hefur þeim fjölgað um 48,4% frá árinu 2000 þegar bæjarbúar voru 1.768, eða um 857 íbúa á þessari öld. Er þessi fjölgun langt umfram landsmeðaltal. Má til samanburðar geta þess að þessi fjölgun er svipuð og ef að allir íbúar Grundarfjarðar hefðu flutt í Hveragerði!

Ber það bænnum okkar og bæjarbúum gott



vitni að hingað skuli nýir íbúar stöðugt sækja. Niðurstaða ánægjuvogar Capacent styður okkur í þeirri trú að hér sé gott að búa þar sem Hvergerðingar hafa nú í tvígang skipað sér í hóp þeirra sveitarfélaga þar sem mesta ánægjan ríkir meðal íbúa. Er það afar ánægjulegt.

Fjölgun hótélherbergja og íþróttakeppni

Á vormánuðum opnaði viðbygging Hótelar Arkar og er ljóst á viðtökum að þarna hefur vel tekist til. Glæsileg herbergi og góð salarkynni tryggja að enn fleiri ráðstefnur og viðburðir verða haldnar á hótelinu sem er hagfellt fyrir bæinn í heild sinni. Í desember mæta hingað til Hveragerðisbæjar íþróttamenn af bestu gerð sem keppa í ofurhindrunarhlaupinu Spartan Race. Var Hamarshöllin undirlögð þessari keppni og reyndar allt umhverfi bæjarins. Það var með hreinum ólíkindum að verða vitni að öllu því sem þar fór fram. Vonumst við til að þessi keppni verði árlegur viðburður héðan í frá.

Einstök ungmenni í Hveragerði

Við getum öll verið afar stolt af ungmennum þessa bæjar. Í grunnskólanum hafa nemendur og starfsmenn allir ítrekað unnið mikið þrekvirki þegar þau skipuleggja hinn árlega góðgerðardag grunnskólans sem haldinn er á aðventunni. Í ár rann andvirði dagsins til Birtu landssamtaka foreldra/forráðamanna sem misst hafa börn/ungmenni skyndilega.

Það er óhætt að segja að aldrei nokkurn tíma hafa jafn margir heimsótt skólann á sama tíma. Gangar og salir voru troðfullir af áhugasömum kaupendum sem jafnframt dáðust að hugmyndaauðgi og góðum vinnubrögðum krakkanna. Stuttu síðar voru þessir sömu nemendur komnir í Listasafnið, á Fullveldisdaginn, til að fagna úrslitum í hugmyndasamkeppnum vegna 100 ára fullveldis þjóðarinnar. Þar var gaman að sjá útfærslu verkefnanna og ekki síður að sjá gömlum hefðum viðhaldið eins og til dæmis að kveðast á. Að lokum er vert að þakka börnum bæjarins þau fallegu skilaboð sem þau báru í hvert hús í haust og glöddu þannig enn og aftur bæjarbúa með hugulsemi. Það þarf enginn að óttast framtíðina sem hefur svona efnileg ungmenni innanborðs.

Ég vil að endingu nota þetta tækifæri og þakka íbúum Hveragerðisbæjar og öðrum lesendum Bláhvers ánægjulegar samverustundir og gott samstarf á árinu sem er að líða. Megi nýtt ár færa ykkur öllum gleði, frið og hamingju.

*Aldis Hafsteinsdóttir,
bæjarstjóri Hveragerðisbæjar*



Sendum Hvergerðingum sem og öðrum lesendum hugheilar jóla- og nýárskeiðjur. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Blómaborg

Breiðumörk 12 · Sími 483 4225

Sólhestar

Borgargerði/Ölfusi · Sími 892 3066

Hárgreiðslustofan Opus

Breiðumörk 2 · Sími 483 4833

Mikki smiður

Hveragerði · Sími 861 9330

Skjólklettur ehf.

Sími 899 6861 (Björn)
Sími 892 8661 (Kjartan)

Stoðverk

Þorsteinn Hansen · Sími 660 8732

Gummi Trölla jarðvinna

Sími 690 4356

Aðalleið ehf. jarðvinna

Sími 693 3110

Skeljungur Hveragerði

Bílaverkstæði Jóhanns

Austurmörk 13, Hveragerði · S. 483 4299



Renni og vélaverkstæði



Sími 519 7880

Arnon

Ævar Sigurðsson

Hornsteinn

Katla Whale watching



2008 ehf

TRAMONTINA

VINNUVÉLAR
A. MICHELSEN EHF.

